

REGLUR

um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.

I. KAFLI

1. gr.

Markmið.

Með tilvísun til 1. mgr. 7. gr. og 38. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands hefur bankastjórn Seðlabankans sett eftirfarandi reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja (lána- stofnana) við Seðlabankann.

Markmið reglna þessara er að skýra réttarsamband Seðlabankans og þeirra fjármála- fyrirtækja sem átt geta viðskipti við Seðlabankann. Um viðskipti þessara aðila fer eftir reglum þessum og skilmálum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Gildissvið.

Eftirfarandi fjármálafyrirtæki geta átt viðskipti við Seðlabankann:

1. Fjármálafyrirtæki (lánastofnanir) sem fengið hafa starfsleyfi skv. 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
2. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja sem fengið hafa staðfestu og samsvarandi starfs- leyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002 og starfa hér á landi.
3. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahags- svæðisins sem fengið hafa heimild Fjármálaeftirlitsins skv. 33. gr. laga nr. 161/2002 enda hafi fyrirtækið hliðstætt starfsleyfi og 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga kveður á um í heimaríkinu, starfsemin sem fyrirtækið hyggst stunda hér á landi sé sambærileg og að starfsemi fyrirtækisins sé háð sambærilegu fjármálaeftirliti og lög nr. 87/1998 kveða á um í heimaríkinu.

3. gr.

Skilgreining hugtaka.

Daglán: Lán veitt til næsta viðskiptadags gegn veði í verðbréfum sem Seðlabankinn metur hæf til tryggingar.

Eignavarin verðbréf (e. asset backed securities): Verðbréf sem tryggð eru með fjár- streymi af undirliggjandi skuldabréfum í framtíðinni.

Endurhverf verðbréfa kaup: Samningur um kaup Seðlabankans á verðbréfum af fjármála- fyrirtæki þar sem fyrirtækið öðlast jafnframt rétt og skyldu að tilteknum tíma liðnum til að kaupa aftur verðbréfin eða jafngild verðbréf á tilteknu verði.

Fjárhagsleg tryggingarráðstöfun: Framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu eða veðsetning á fjárhagslegri tryggingu til tryggingar efndum á skuldbindingum fjármála- fyrirtækis við Seðlabankann.

Gjaldeyrisskiptasamningar: Samningur um kaup eða sölu gjaldeyris sem gengur til baka eftir tilgreindan tíma með andhverfum viðskiptum í samræmi við samning.

Innstæðubréf: Skuldabréf sem Seðlabankinn gefur út til fjármálafyrirtækis.

Markaðsvirði: Nafnverð fjárhagslegrar tryggingar margfaldað með viðmiðunarverði.

Sértryggð skuldabréf (e. covered bonds): Skuldabréf sem njóta sérstaks fullnusturéttar í tryggingasafni útgefanda.

Veðlán: Lán sem veitt eru gegn veði, í verðbréfum sem Seðlabankinn metur hæf til tryggingar.

Viðmiðunarverð: Dagslokaverð verðbréfa á síðasta viðskiptadegi áður en mat verðbréfa fer fram, á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn hefur samþykkt.

Viðskiptadagur: Virkur afgreiðsludagur viðskiptabanka og sparisjóða frá mánudegi til föstudags.

II. KAFLI

Viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Gjaldmiðill viðskipta.

Regluleg viðskipti og daglán fara fram í íslenskum krónum. Bankastjórn getur heimilað viðskipti í erlendri mynt.

5. gr.

Viðskiptareikningar.

Það er skilyrði fyrir viðskiptum við Seðlabankann samkvæmt reglum þessum að viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi stofnað viðskiptareikning við Seðlabankann.

Viðskipti fjármálafyrirtækja eru eignfærð eða skuldfærð af Seðlabankanum á viðskiptareikning þeirra eftir því sem við á samkvæmt reglum þessum og skuldbindur fjármálafyrirtæki sig til að ráðstöfunarfjárhæð reiknings þess, sé ávallt nægjanleg.

6. gr.

Reglulegir viðskiptadagar Seðlabankans.

Viðskiptadagar reglulegra viðskipta sbr. 1. tl. 1. mgr. 7. gr. eru miðvikudagar í viku hverri. Sé miðvikudagur ekki viðskiptadagur fara regluleg viðskipti fram næsta viðskiptadag á eftir og styttest efndatíminn sem því nemur. Gamlársdagur telst ekki reglulegur viðskiptadagur.

7. gr.

Tegundir viðskipta.

Viðskipti við Seðlabankann geta farið fram með eftirfarandi hætti:

1. *Regluleg viðskipti:*

- a. Lán til 7 daga gegn veði í verðbréfum sem Seðlabankinn metur hæf til tryggingar, sbr. 11. og 12. gr.
- b. Innstæðubréf, þ.e. skuldabréf sem Seðlabankinn gefur út til fjármálafyrirtækja með 7 daga binditíma.
- c. Bundin innlán til 7 daga.

2. *Daglán:*

Að ósk fjármálafyrirtækis veitir Seðlabankinn daglán, til næsta viðskiptadags, gegn veði í verðbréfum sem metin eru hæf til tryggingar, sbr. 11. og 12. gr. Seðlabankinn getur breytt kjörum eða takmarkað aðgang að daglánum án fyrirvara.

3. *Önnur viðskipti:*

Önnur viðskipti við Seðlabankann fara fram samkvæmt ákvörðun bankastjórnar og geta verið með eftirfarandi hætti:

- a. Veðlán með öðrum efndatíma en um getur í a. lið 1. tl.
- b. Innstæðubréf með öðrum gjalddaga en um getur í b. lið 1. tl.
- c. Bundin innlán með öðrum binditíma en um getur í c. lið 1. tl.
- d. Endurhverf verðbréfakaup með verðbréf sem metin eru hæf sem fjárhagsleg tryggingarráðstöfun. Endurhverf verðbréfakaup fara fram með kaupum og sölu verðbréfa á skipulögðum verðbréfamarkaði sem Seðlabankinn samþykkir. Fjármálafyrirtæki ber allan viðskiptakostnað sem leggst á aðila, bæði við kaup og sölu.
- e. Gjaldeyrisskiptasamningur.

8. gr.

Takmörkun á heildarfjárhæð reglulegra viðskipta.

Seðlabankinn getur ákveðið að takmarka heildarfjárhæð reglulegra viðskipta og efnir bankinn þá til uppboðs samkvæmt eftirfarandi skilmálum. Ef um lánsviðskipti er að ræða, ráðast vextir á uppboði og skal miða við að allir sem fá tilboð samþykkt að fullu eða að hluta fái sömu vexti sem eru lægstu vextir sem samþykktir eru af Seðlabankanum. Ef um sölu innstæðubréfa er að ræða skal miða við að allir sem fá tilboð samþykkt að fullu eða að hluta fái sömu vexti sem eru hæstu vextir sem Seðlabankinn samþykkir (hollensk uppboðsaðferð).

9. gr.

Vextir.

Vextir í viðskiptum við Seðlabankann eru háðir ákvörðun bankans hverju sinni og birtast í vaxtatilkynningu á vefsíðu hans.

Vextir reiknast á grundvelli fjölda almanaksdaga á hverju vaxtatímabili deilt með 360 dögum, þ.e. raun/360. Vaxtamánuður viðskiptareikninga er frá og með 21. degi mánaðar til og með 20. dags næsta mánaðar.

Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn nema sérstaklega sé um annað samið. Vaxtagildistaka („validering“) innborgana á öðrum degi en innborgunardegi skal eingöngu eiga sér stað þegar leiðrétt þarf skekkjur.

III. KAFLI

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

10. gr.

Samningar um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í viðskiptum fjármálafyrirtækja við Seðlabankann fer skv. lögum nr. 46/2005.

Samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skal gera skriflega eða með rafrænum hætti þannig að sanna megi stofnun tryggingarráðstöfunarinnar með lögformlegum hætti.

Í samningi skal tilgreina til hvaða skuldbindinga og trygginga samningurinn nær.

11. gr.

Hæf verðbréf til tryggingar í viðskiptum við Seðlabankann.

Hæf verðbréf til tryggingar í viðskiptum við Seðlabankann geta verið:

1. Innstæðubréf Seðlabankans.
2. Verðbréf gefin út af rikissjóði Íslands og skuldabréf Íbúðalánasjóðs.
3. Skuldabréf og víxlar, sem gefin eru út í íslenskum krónum, evrum, Bandaríkjadöllum eða breskum pundum og uppfylla skilyrði um tryggingarhæfi í viðskiptum við Seðlabankann.

4. Sértryggð skuldabréf (e. covered bonds) sem njóta sérstaks fullnusturéttar í tryggingasafni útgefanda og uppfylla kröfur laga nr. 11/2008.
5. Eignavarin verðbréf (e. asset backed securities) sem tryggð eru með fjárstreymi af undirliggjandi skuldabréfum í framtíðinni.
6. Búndin innlán fjármálafyrirtækja við Seðlabankann skv. c. lið 1. tl. 7. gr.

12. gr.

Skilyrði fyrir tryggingarhæfi verðbréfa.

Verðbréf sett til tryggingar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útgefið markaðsvirði flokks í íslenskum krónum sé yfir 3 ma.kr. og staðfest að það magn hafi selst. Útgefið markaðsvirði flokks í evrum þarf að vera að lágmarki 100 milljónir evra, í Bandaríkjadöllum 100 milljónir Bandaríkjadala og breskum pundum 100 milljónir breskra punda.
2. Verðbréfin hafi viðskiptavaka á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir.
3. Útgefandi hafi lánsþæfismat frá einhverju þriggja matsfyrirtækja: Standard & Poor's, Moody's eða Fitch og hafi lágmarkseinkunn sem birt er samkvæmt skilmálum sem Seðlabankinn setur um tryggingarhæfi verðbréfa.
4. Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs eru metin eins og ríkissjóður sé útgefandi.
5. Sértryggð skuldabréf og eignavarin verðbréf hafi lánsþæfismat frá einhverju þriggja matsfyrirtækja: Standard & Poor's, Moody's eða Fitch og hafi lágmarkseinkunn sem birt er samkvæmt skilmálum sem Seðlabankinn setur um tryggingarhæfi verðbréfa. Reglubundið eftirlit skal haft með undirliggjandi eignum þessara verðbréfa sem staðfest skal af löggiltum endurskoðanda.
6. Verðbréf í erlendum myntum geta verið skuldabréf og víxlar ríkja, fjölpjóðastofnana og fjármálafyrirtækja sem skráð eru í kauphöllum og gefin út af aðilum innan vébanda aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD.
7. Verðbréf í erlendum myntum skulu ekki fara yfir 70% af verðmati trygginga.
8. Verðbréf skulu vera rafrænt skráð í verðbréfamiðstöð sem Seðlabankinn viðurkennir.

13. gr.

Takmarkanir á tryggingarhæfi verðbréfa.

Fjármálafyrirtæki ábyrgist að verðbréf lögð fram til fjárhagslegrar tryggingarráðstöfunar vegna skuldbindinga við Seðlabankann séu veðbanda- og kvaðalaus.

Ekki er heimilt að leggja fram víkjandi skuldabréf til tryggingar.

Útgefanda er ekki heimilt að leggja fram eigin skuldabréf eða víxla til tryggingar fyrir eigin viðskiptum hjá Seðlabankanum önnur en sértryggð skuldabréf. Auk þess er óheimilt að leggja fram skuldabréf eða víxla útgefanda sem viðkomandi fjármálafyrirtæki á virkan eignarhlut í sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002.

Séu verðbréf dregin út eða falli í gjalddaga fyrir gjalddaga skuldbindingar, og óski seljandi eftir því að fá þau afhent, skal hann leggja fram ný hæf verðbréf, og skal þá matsverð þeirra vera a.m.k. jafnhátt og matsverð hinna útdregnu eða gjaldföllnu verðbréfa.

Seðlabankinn getur ákveðið hversu hátt hlutfall af útgefnu markaðsvirði einstakra flokka ótryggðra verðbréfa liggur í tryggingarsafni bankans. Slík takmörk eru birt á vefsíðu bankans.

Seðlabankinn getur ákveðið hámark ótryggðra verðbréfa sem samþykkt eru til fjárhagslegrar tryggingarráðstöfunar frá einstökum útgefanda. Slík hámark eru birt á vefsíðu bankans.

Liggi viðmiðunarverð verðbréfa ekki fyrir á skipulegum verðbréfamarkaði eða hjá viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir, er ekki hægt að nota viðkomandi verðbréf sem fjárhagslega tryggingarráðstöfun nema til komi sérstök ákvörðun bankastjórnar. Sama gildir um verðbréf sem ekki hafa lánshæfismat frá þeim matsfyrirtækjum sem Seðlabankinn viðurkennir.

Seðlabankinn metur tryggingarhæfi viðkomandi verðbréfa í hverju tilviki fyrir sig. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að hafna verðbréfum sem lögð eru fram til fjárhagslegrar tryggingarráðstöfunar leiki vafi á að uppfyllt séu skilyrði um tryggingarhæfi þeirra.

14. gr.

Verðmat tryggingarhæfra verðbréfa.

Við mat á verðmæti verðbréfa sem fjárhagslegrar tryggingarráðstöfunar vegna viðskipta við Seðlabankann skal nota frádrag frá viðmiðunarverði. Frádrag verðbréfa er birt í skilmálum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í reglulegum viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Seðlabankinn getur ef nauðsyn krefur, t.d. vegna markaðsaðstæðna beitt frekara frádragi en fram kemur í skilmálum.

Seðlabankanum er heimilt að hafna umsókn um viðskipti náist ekki samkomulag um verðmat trygginga.

15. gr.

Verðmat daglána.

Fjárhæð útistandandi daglána skal aldrei vera hærri en níutíu hundraðshlutar af markaðsvirði veðsettra verðbréfa sem sett hafa verið til tryggingar þeim.

16. gr.

Viðbótartryggingar.

Seðlabankinn endurmetur reglulega verðmæti trygginga. Þar sem markaðsvirði getur lækkað fyrirvaralaust getur slíkt endurmat leitt til þess að Seðlabankinn krefjist viðbótartrygginga. Kveði reglur og skilmálar settir samkvæmt þeim, á um að verðmæti tryggingar skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki, og lækki verðmæti trygginga niður fyrir hið tilgreinda lágmark, skal fjármálafyrirtæki leggja fram viðbótartryggingu þannig að tilgreindu lágmarki verði náð á ný.

Telji Seðlabankinn þörf á viðbótartryggingu sbr. 1. mgr. skal viðkomandi fjármálafyrirtæki leggja fram fullnægjandi tryggingar innan 2ja viðskiptadaga frá því að slík krafa er sett fram. Í undantekningartilvikum er Seðlabankanum heimilt að setja skemmri frest eða krefjast trygginga samdægurs leiði breytingar á markaðsaðstæðum til slíks.

17. gr.

Vörslur verðbréfa.

Verðbréf sem lögð eru fram sem fjárhagsleg tryggingarráðstöfun skulu skráð hjá verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Heimilt er að leggja fram verðbréf rafrænt skráð í erlendri verðbréfamiðstöð sem Seðlabankinn viðurkennir.

Verðbréf sem skráð eru í íslenskrri verðbréfamiðstöð skulu vistuð á VS reikningi viðkomandi fjármálafyrirtækis í Seðlabankanum sem jafnframt skal veðsettur Seðlabankanum samkvæmt sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

Séu verðbréf skráð í erlendri verðbréfamiðstöð skulu þau vistuð hjá vörsluaðila (reikningsstofnun) sem Seðlabankinn viðurkennir.

IV. KAFLI

Vanefndir og útilokun viðskipta við Seðlabankann.

18. gr.

Vanefndir og fullnustuheimildir Seðlabankans.

Standi fjármálafyrirtæki ekki í skilum með greiðslu á skuldbindingum sínum frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi skal greiða dráttarvexti af vanskilaskuldinni sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá gjalddaga til greiðsludags.

Seðlabankinn getur innleyst verðbréf sem sett hafa verið sem fjárhagsleg trygging og ráðstafað án fyrirvara eða tilkynningar inn á vanefndar skuldbindingar.

19. gr.

Útilokun viðskipta.

Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað lánastofnun frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hún ekki hlítt ákvæðum þeirra.

Þá getur Seðlabankinn útilokað fjármálafyrirtæki frá viðskiptum að undangenginni viðvörðun uppfylli fyrirtækið ekki ákvæði X. kafla laga nr. 161/2002 um laust fé og eigið fé.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skilmálar um viðskipti við Seðlabanka Íslands.

Seðlabankinn tilkynnir kjör og skilmála reglulegra viðskipta og fjárhagslegra tryggingarráðstafana á vefsíðu bankans.

Fjármálafyrirtæki sem átt geta viðskipti við Seðlabankann samkvæmt reglum þessum skulu undirrita almenna skilmála sem lýsir réttarsambandi sem ríkir milli Seðlabankans og fjármálastofnunar samkvæmt reglum þessum og um framkvæmd viðskipta þar sem fram kemur m.a.:

1. Skuldbinding aðila um viðskipti samkvæmt reglum þessum.
2. Framkvæmd viðskipta og samskiptahættir.
3. Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.
4. Ákvæði um vörslur fjárhagslegra trygginga.
5. Vanefndir og fullnustuheimildir Seðlabankans vegna þeirra.
6. Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækis.

21. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi 25. ágúst 2008. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands nr. 317 frá 2. apríl 2008.

Reykjavík, 22. ágúst 2008.

Seðlabanki Íslands,

Davíð Oddsson,
formaður bankastjórnar.

Sturla Pálsson
framkvæmdastjóri.